

Verklagsreglur um launalaus leyfi starfsmanna Háskóla Íslands

Samþykktar í háskólaráði 2. apríl 2009

I. kafli *Gildissvið.*

1. gr.

Reglur þessar gilda um launalaus leyfi starfsmanna Háskóla Íslands, hvort sem þeir eru í akademísku starfi eða starfa við stjórnslu. Þá gilda reglurnar hvort sem starfsmaður er í fullu starfi eða hlutastarfi, ráðinn ótímabundið eða samkvæmt tíma- bundnum ráðningarsamningi.

Markmið og meginreglur.

2. gr.

Ákvarðanir Háskóla Íslands um að veita starfsmanni launalaust leyfi, sbr. II. og III. kafli þessara reglna, skulu vera í samræmi við stefnu háskólans á hverjum tíma. Þá skal við töku slíkra ákvarðana taka tillit til hagsmuna starfsmanna.

Launalaust leyfi verður ekki veitt ef starfsmaður hefur ráðið sig ótímabundið í annað starf eða hefur ekki í hyggju að taka upp sitt fyrra starf í Háskóla Íslands að leyfi loknu.

Starfsmaður skal í tilefni af beiðni um launalaust leyfi afhenda Háskóla Íslands allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að taka upplýsta ákvörðun á grundvelli þessara reglna.

II. kafli

Almennar reglur.

3. gr.

Forseta fræðasviðs eða stofnun er heimilt, að fenginni umsögn sviðsstjóra starfsmannasviðs, að veita akademískum starfsmanni eða starfsmanni í stjórnslu launalaust leyfi til allt að 12 mánaða enda falli beiðni undir 4. gr. reglnanna.

Rektor er heimilt að veita starfsmanni á sviði sameiginlegrar stjórnslu launalaust leyfi til allt að 12 mánaða enda falli beiðni undir 4. gr. reglnanna.

Launalaust leyfi til lengri tíma en 12 mánaða verður ekki veitt nema beiðni sé studd við þær ástæður sem greinir í III. kafla.

4. gr.

Ástæður fyrir veitingu launalauss leyfis samkvæmt 3. gr. eru eftirfarandi:

1. Framlenging á fæðingarorlofi.
2. Sérstakar fjölskylduástæður og aðrar persónulegar ástæður.
3. Leyfi til náms sem nýtist í starfi við Háskóla Íslands.
4. Starf hjá öðrum háskóla, innlendum eða erlendum, enda byggji slík ráðning á samstarfssamningi Háskóla Íslands og viðkomandi háskóla.

5. Starf hjá ráðuneyti, ríkisstofnun, ríkisfyrirtæki, Alþingi eða stofnunum þess, dómstólum eða sveitarfélagi.
6. Starf hjá alþjóðastofnun.
7. Önnur störf sem telja verður ótvírætt að muni nýtast í starfi við Háskóla Íslands.

Þótt beiðni um launalaust leyfi á grundvelli 3. gr. fullnægir ekki skilyrðum 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að veita slíkt leyfi ef um brýnar ástæður er að ræða er varða starfsmann eða talið verður að leyfi þjóni að öðru leyti hagsmunum Háskóla Íslands.

III. kafli

Sérreglur byggðar á lögum, kjarasamningum eða eðli máls.

5. gr.

Ef ástæða beiðni um launalaust leyfi fellur undir 2. mgr. þessarar greinar skal rektor veita starfsmanni launalaust leyfi með þeim hætti sem þar greinir.

Ástæður fyrir veitingu launalauss leyfis samkvæmt 1. mgr. eru eftirfarandi:

1. Til allt að 5 ára til að gegna þingmennsku, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 88/1995. Það gildir einnig fyrir kjörna fulltrúa í sveitastjórnnum.
2. Til allt að 8 ára til að gegna starfi hjá ráðherranefnd Norðurlanda eða stjórnarnefnd Norðurlandaráðs, sbr. 11. gr. laga nr. 55/1989.
3. Til allt að 3 ára til að gegna opinberu starfi þegar svo er fyrir mælt í lögum að starfsmaður Háskóla Íslands taki þar við starfi í forföllum eða við aðrar nánar tilgreindar aðstæður sem fram koma í lögnum.
4. Til allt að 4 ára til að gegna starfi ráðherra.
5. Til allt að 4 ára til að gegna starfi sveitarstjóra.
6. Til þess tíma og á grundvelli þeirra ástæðna sem sérstaklega er samið um í kjarasamningi, enda sé þar samið um að starfsmaður eigi slíkan rétt.

Launalaust leyfi á grundvelli 2. mgr. þessarar greinar verður aðeins veitt í eitt skipti. Óski starfsmaður að loknum þeim tíma sem þar greinir að verða veitt fram-
lenging á launalaus leyfi á grundvelli sömu ástæðu fer um þá beiðni eftir reglum II. kafla eða 6. gr. reglna þessara, eftir því sem við á.

6. gr.

Ef ástæða beiðni um launalaust leyfi fellur undir 2. mgr. þessarar greinar er rektor heimilt, eftir atvikum að fenginni umsögn viðkomandi forseta fræðasviðs eða stofnunar og sviðsstjóra starfsmannasviðs, að veita starfsmanni launalaust leyfi til lengri tíma en 12 mánaða.

Ástæður fyrir veitingu launalauss leyfis samkvæmt 1. mgr. eru eftirfarandi:

1. Starf hjá ráðuneyti, ríkisstofnun, ríkisfyrirtæki, stofnunum Alþingis, dómstólum eða í stjórnslu sveitarfélags.
2. Starf hjá alþjóðastofnun sem Ísland er aðili að.
3. Starf hjá erlendum háskóla.
4. Til að sinna rannsóknarverkefni sem nýtist í starfi við háskóla Íslands.

Þótt beiðni um launalaust leyfi á grundvelli 1. mgr. fullnægir ekki skilyrðum 2. mgr. er rektor heimilt að veita slíkt leyfi ef um brýnar ástæður er að ræða er varða starfsmann eða talið verður að leyfi þjóni að öðru leyti hagsmunum Háskóla Íslands.

IV. kafli

Beiðni um launalaust leyfi samkvæmt II. kafla og málsmeðferð.

7. gr.

Ef beiðni fellur undir II. kafla þessara reglna skal akademískur starfsmaður eða starfsmaður í stjórnslu fræðasviðs eða stofnunar að jafnaði afhenda viðkomandi forseta fræðasviðs eða stofnun beiðni um launalaust leyfi á þar til gerðu eyðublaði eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 30 dögum áður en óskað er eftir því að leyfi hefjist. Við sérstakar aðstæður er rektor heimilt að fallast á styttri frest..

Forseti fræðasviðs eða stofnun skal innan þriggja daga frá því beiðni berst senda hana til sviðsstjóra starfsmannasviðs til umsagnar. Sviðsstjóri skal að jafnaði innan sjö daga frá því umsagnarbeiðni berst taka afstöðu til þess hvort mæla skuli með beiðni eður ei.

Ef sviðsstjóri starfsmannasviðs mælir því í mót að beiðni skuli samþykkt skal forseti fræðasviðs eða stofnun senda hana til umsækjanda og gefa honum hæfilegan frest til að tjá sig um umsögnina.

Að fengnum andmælum umsækjanda eða að liðnum þeim fresti sem honum hefur verið veittur til að gæta andmæla, sbr. 3. mgr., skal forseti fræðasviðs eða stofnun taka ákvörðun að jafnaði innan sjö daga um hvort launalaust leyfi skuli veitt. Hafni forseti fræðasviðs eða stofnun beiðninni skal leiðbeina umsækjanda um rétt hans til að fá synjunina rökstudda.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnslulaga.

8. gr.

Ef beiðni fellur undir II. kafla þessara reglna skal starfsmaður í sameiginlegri stjórnslu að jafnaði afhenda rektor beiðni um launalaust leyfi á þar til gerðu eyðublaði eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 30 dögum áður en óskað er eftir því að leyfi hefjist. Við sérstakar aðstæður er rektor heimilt að fallast á styttri frest..

Leiti rektor formlega eftir umsögn sviðsstjóra starfsmannasviðs skal haga meðferð málsins í samræmi við ákvæði 3. og 4. mgr. 7. gr.

Rektor skal að jafnaði taka ákvörðun innan sjö daga um hvort launalaust leyfi skuli veitt. Hafni rektor beiðninni skal leiðbeina umsækjanda um rétt hans til að fá synjunina rökstudda.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnslulaga.

V. kafli

Beiðni um launalaust leyfi samkvæmt III. kafla og málsmeðferð.

9. gr.

Óski starfsmaður eftir launalausum leyfi á grundvelli 5. gr. skal hann eins fljótt og unnt er senda rektor beiðni þess efnis á þar til gerðu eyðublaði og tilgreina ástæður.

Rektor skal staðreyna hvort beiðni er reist á einni af þeim ástæðum sem greinir í 2. mgr. 5. gr.

Telji rektor að beiðni falli undir eina af þeim ástæðum sem greinir í 2. mgr. 5. gr. skal hann veita umsækjanda umbeðið leyfi eins fljótt og unnt er. Synji rektor um veitingu leyfis skal synjunin rökstudd.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga.

10. gr.

Ef beiðni fellur undir 6. gr. þessara reglna skal starfsmaður eins fljótt og unnt er afhenda rektor beiðni um launalaust leyfi á þar til gerðu eyðublaði og eigi síðar en 30 dögum áður en óskað er eftir því að leyfi hefjist. Við sérstakar aðstæður er rektor heimilt að fallast á styttri frest.

Rektor skal innan þriggja daga frá því beiðni berst senda hana til sviðsstjóra starfsmannasviðs og viðkomandi forseta fræðasviðs eða stofnunar til umsagnar ef um er að ræða starfsmann slíkra aðila. Sviðsstjóri starfsmannasviðs og forseti fræðasviðs eða stofnun skulu innan sjö daga frá því beiðni berst veita umsögn um beiðnina.

Ef sviðsstjóri starfsmannasviðs og/eða forseti fræðasviðs eða stofnun mæla því í mót að beiðni skuli samþykkt skal rektor senda slíka umsögn til umsækjanda og gefa honum hæfilegan frest til að tjá sig um hana.

Að fengnum andmælum umsækjanda, eða að liðnum þeim fresti sem honum hefur verið veittur til að gæta andmæla, sbr. 3. mgr., skal rektor taka ákvörðun innan sjö daga um hvort launalaust leyfi skuli veitt. Hafni rektor beiðninni skal leiðbeina umsækjanda um rétt hans til að fá synjunina rökstudda.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga.

VI. kafli

Lagastoð og gildistaka.

11. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 5. mgr. 15. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla.

Reglur þessar öðlast gildi 15. mars 2009.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reglurnar gilda um beiðnir starfsmanna um launalaus leyfi sem settar eru fram eftir 15. mars 2009. Hafi beiðni verið sett fram fyrir gildistöku þessara reglna skal hún afgreidd í samræmi við þær reglur sem mótast hafa í framkvæmd að því undanskildu að leitast skal við eins og kostur er að fara eftir þeim málsmeðferðarreglum sem kveðið er á um í IV. og V. kafla reglnanna.

GREINARGERÐ.

Á fundi háskólaráðs 11. janúar 2007 var ákveðið að skipa starfshóp til að gera tillögur að verklagsreglum um launalaus leyfi starfsmanna Háskóla Íslands. Í starfshópinn voru kjörinn þau Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir, sviðsstjóri starfsmannasviðs, Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í hjúkrunarfræðideild, Snorri Þór Sigurðsson, prófessor í raunvísindadeild, og Róbert R. Spanó, prófessor í lagadeild.

1. Lagagrundvöllur, gildissvið og meginreglur.

Samkvæmt 5. mgr. 15. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla setur háskólaráð almennar reglur um l þeirra sem ráðnir eru í akademísk störf frá störfum, og skuli allar ákvarðanir fræðasviða og stofnana um leyfi þeirra teknar á grundvelli slíkra reglna. Slíkar almennar reglur um launalaus leyfi starfsmanna háskólans hafa ekki verið settar og er ætlunin með þeim reglum sem hér er mælt fyrir um að bæta þar úr. Með reglunum er ekki endilega verið að staðfesta þær reglur sem mótast hafa í framkvæmd á undanförunum árum. Geta starfsmenn háskólans því við gildistöku þessara reglna ekki vænst þess að geta byggt lengur rétt til launalausra leyfa á grundvelli eldri stjórnsýslufrákvæmdar, sbr. ákvæði til bráðabirgða, sem nánar verður lýst í kafla V. hér síðar.

Markmið reglnanna er að setja eins gegnsæjar og skýrar reglur um veitingu launalausra leyfi við háskólann eins og kostur er. Ljóst er að úrlausn um einstök tilvik verður ávallt að einhverju leyti háð mati. Þó hefur verið leitast við að haga uppbyggingu og efni reglnanna með þeim hætti að skýrt liggja fyrir hvaða skilyrði beiðni þarf að uppfylla til að verða tekin til greina og hvaða reglur um málsmeðferð ber að fylgja.

Starfsmenn við Háskóla Íslands eiga almennt ekki að lögum eða samkvæmt kjarasamningum rétt á launalausum leyfum frá störfum. Það er því á valdi háskólaráðs að móta almennar reglur um þau efni, sbr. áðurgreinda 5. mgr. 15. gr. laga nr. 85/2008. Gengið er út frá því í 1. gr. reglnanna að þær gildi um alla starfsmenn háskólans óháð því hvort þeir gegni akademískum störfum eða störfum í stjórnsýslu og óháð eðli eða formi ráðningarsambands að öðru leyti. Þó er ljóst að úrlausn um beiðni starfsmanns um leyfi hlýtur eðli máls samkvæmt að taka í hverju tilviki mið af því hvort viðkomandi er í fullu starfi eða hlutastarfi og hvort hann er ráðinn tímabundið eða ótímabundið. Því verður til dæmis að hafa hliðsjón af reglum Háskóla Íslands um tímabundna ráðningu akademískra starfsmanna, sbr. þriðja másl. 4. mgr. 17. gr. laga nr. 85/2009 og um aðra starfsmenn ákvæði 41. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. reglnanna skulu ákvarðanir Háskóla Íslands um launalaus leyfi vera í samræmi við stefnu háskólans á hverjum tíma. Er þá ætlast til þess að við nánari afmörkun á þeim sjónarmiðum sem málefnaleg kunna að teljast við úrlausn á beiðni beri að hafa hliðsjón af stefnumörkun háskólans, bæði hvað varðar innra skipulag og starfsemi og einnig út á við. Almennt er ekki ætlast til þess að beiðni um launalaust leyfi verði veitt ef það fer bersýnilega í bága við hagsmuni háskólans. Þó verður einnig í

hverju tilviki að fara fram mat á hagsmunum starfsmanns. Til áréttingar á þessu er sérstaklega tekið fram í 2. mgr. 2. gr. að launalaust leyfi verði ekki veitt ef starfsmaður hefur ráðið sig ótímabundið í annað starf eða hefur ekki í hyggju að taka upp sitt fyrra starf í Háskóla Íslands að leyfi loknu. Starfsmaður getur með öðrum orðum ekki vænst þess að fá launalaust leyfi „til vonar og vara“ hyggist hann í reynd ekki ætla að snúa aftur í starf við Háskóla Íslands.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. skal starfsmaður afhenda allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að taka upplýsta ákvörðun á grundvelli reglnanna. Er þá horft til þess að samkvæmt 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 ber stjórnvaldi að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Hér skiptir máli að starfsmaður veiti upplýsingar um hvernig háttáð verði nýju starfssambandi á meðan á launalaus leyfi stendur, t.d. með því að afhenda gögn þar um, og veita að öðru leyti upplýsingar um eðli starfsins. Láti starfsmaður slík gögn eða upplýsingar ekki fylgja með beiðni eða verður ekki við ósk um afhendingu slíkra upplýsinga kann það að hafa áhrif á möguleika hans til að fá launalaust leyfi.

II. Almennar reglur.

Í II. kafla er að finna þær almennu reglur sem gilda um launalaus leyfi við Háskóla Íslands. Ganga reglur kaflans út frá þeirri meginstefnu að nokkurt svigrúm skuli vera til staðar innan ramma reglnanna til að veita starfsmanni slíkt leyfi til allt að 12 mánaða enda samrýmist beiðni hans þeim meginreglum sem greinir í 2. gr. Ekki er því ætlast til þess að ákvæði kaflans séu skýrð þröngt.

Í samræmi við 1. mgr. 17 gr. laga nr. 85/2009 er í 1. mgr. 3. gr. reglnanna mælt fyrir um að það sé á valdi forseta fræðasviðs eða forstöðumanns stofnunar að taka ákvörðun um hvort akademískum starfsmanni skuli veitt launalaust leyfi til allt að 12 mánaða ef beiðni er studd við þær ástæður sem greinir í 4. gr. Þó er gert ráð fyrir að við slíkar aðstæður sé leitað umsagnar sviðstjóra starfsmannasviðs til þess að gætt verði samræmis við úrlausn beiðna á milli fræðasviða og stofnana. Ekki er ætlunin að umsögnin taki til atriða sem eru á faglegu forræði fræðasviða, deilda eða stofnunar, t.d. um áhrif fjarveru starfsmanns á möguleika til að halda uppi kennslu í tiltekinni fræðigrein, eða um áhrif hennar á rannsóknir á viðkomandi fagsviði eða á stjórnun deildarinnar. Sömu reglur gilda um launalaus leyfi starfsmanna í stjórnisýslu sviðs eða stofnunar. Er þá horft til þess að samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga nr. 85/2009 er það sviðsforseti sem hefur eftirlit með starfi og stjórnisýslu fræðasviða og ræður starfslíð að stjórnisýslu og ber ábyrgð á fjármálum fræðasviðsins gagnvart háskólaráði og rektor.

Þegar um starfsmenn í sameiginlegri stjórnisýslu er að ræða er mælt fyrir um það í 2. mgr. 3. gr. að rektor taki ákvarðanir um veitingu launalausra leyfa þeim til handa. Er þá byggt á skipulagi sameiginlegrar stjórnisýslu Háskóla Íslands, sem háskólaráð hefur samþykkt en samkvæmt lögum nr. 85/2008 er háskólum sett sjálfðæmi um starfsemi sína og skipulag að öðru leyni en kveðið er á um í lögum, reglum eða fyrirmælum sem gilda um háskólastarf.

Í II. kafla reglnanna er sem fyrr greinir byggt á þeirri almennu reglu að heimilt sé að veita starfsmanni launalaust leyfi til allt að 12 mánaða enda sé hún reist á þeim ástæðum sem greinir í 4. gr. Eru þær ástæður annars vegar nokkuð fastmótaðar í 2. mgr.

4. gr. og settar þar fram í sjö nánar tilgreindum töluliðum. Hins vegar er í 3. mgr. 4. gr. að finna matskennda heimild sem leyfi kann að vera reist á í öðrum tilvikum. Ítrekað er að ákvæði 4. gr. séu ekki skýrð þröngt enda sé einungis um að ræða beiðni um launalaust leyfi til 12 mánaða eða skemmri tíma.

III. Sérreglur byggðar á lögum, kjarasamningum eða eðli máls.

Í III. kafla er að finna sérreglur um veitingu launalausra leyfa sem byggðar eru á lögum, kjarasamningum eða á eðli þeirra starfa sem þar eru tilgreind. Hugtakið starfsmaður í þessum kafla tekur hvort tveggja til akademískra starfsmanna og starfsmanna í stjórnslu nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Reglur kaflans eru tvíþættar að efni til. Annars vegar er í 5. gr. um að ræða ákvæði sem mæla fyrir um rétt starfsmanns til launalauss leyfis vegna nánar tilgreindra ástæðna og þá til þess tíma sem hver töluliður mælir fyrir um. Ákvæði 1.-3. töluliðar 2. mgr. 5. gr. byggja á sérákvæðum laga að því undanskildu að það tímabil sem greinir í 3. tölulið er ólögfest og sett fram í reglunum til samræmis. Tekið skal fram að hér er lagt til grundvallar að taki starfsmaður sæti á þingi í forföllum þingmanns (varapingmaður) geti hann byggt rétt til launalauss leyfis á 1. tölul. 2. mgr. 5. gr. Ákvæði 3. tölul. 2. mgr. 5. gr. á við um þau tilvik þegar mælt er fyrir um það í lögum að starfsmaður Háskóla Íslands taki við opinberu starfi í forföllum eða við aðrar nánar tilgreindar aðstæður sem þar er mælt fyrir um. Sem dæmi má nefna að þá eru prófessorar í lagadeild Háskóla Íslands varadómarar í Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla. Þá á prófessorinn í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands sæti í landsdómi, sbr. a-lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 3/1963 um landsdóm. Einnig eiga kennararnir í réttarlæknisfræði, heilbrigðisfræði og lyfjafræði sæti í lækna ráði, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1942 um lækna ráð.

Töluliðir 4. og 5. í 2. mgr. 5. gr. byggja á því mati Háskóla Íslands að rétt sé að veita starfsmanni launalaust leyfi til allt að 4 ára gefist honum kostur á að gegna starfi ráðherra eða ráðuneytisstjóra, starfi sveitarstjóra eða kjörins fulltrúa í sveitarstjórn. Er þá horft til eðlis þessara æðstu embættisstarfa út frá hagsmunum Háskóla Íslands og þess starfsmanns sem í hlut á. Auk þess er haft í huga að þessi störf eiga um margt sameiginlegt með þeim störfum sem hinar lögmaeltu sérreglur taka til, sbr. 1.-3. tölul. 2. mgr. 5. gr. Í 6. tölul. sömu málsgrein er loks gert ráð fyrir því að starfsmaður eigi rétt til launalauss leyfis til þess tíma og á grundvelli þeirra ástæðna sem sérstaklega kann að verða umsamið í kjarasamningi sem stéttarfélag starfsmanna við HÍ kunna að gera enda sé þar samið um að starfsmaður eigi slíkan rétt.

Í 3. mgr. 5. gr. er sérstaklega tekið fram að launalaust leyfi á grundvelli 2. mgr. 5. gr. verði aðeins veitt í eitt skipti. Sem dæmi má nefna að hafi starfsmaður verið kjörinn til setu á Alþingi á hann einungis rétt til launalauss leyfis til allt að 5 ára. Er við það miðað að þar geti verið um að tvö eða fleiri tímabil en leyfi verður ekki veitt til lengri tíma samanlagt en 5 ár. Þeir starfsmenn sem fengið hafa leyfi á grundvelli ástæðna sem greinir í 2. mgr. 5. gr., og óska eftir framlengingu leyfis að þeim tíma liðnum, geta þó byggt slíka beiðni á reglum II. kafla eða 6. gr., eftir því sem við á.

Í 6. gr. er hins vegar að finna heimild rektors til að veita starfsmanni launalaust leyfi til lengri tíma en 12 mánaða enda falli beiðni undir eina af þeim ástæðum sem greinir í 2. mgr. Byggir sú tilgreining á mati á hagsmunum Háskóla Íslands og þess

starfsmanns sem í hlut á. Af 3. tölul. 2. mgr. 6. gr. leiðir að samkvæmt reglum þessum getur starfsmaður almennt ekki fengið launalaust leyfi til lengri tíma en 12 mánaða til að sinna starfi við annan háskóla. Þó kann beiðni um launalaust leyfi af þeim ástæðum að falla undir ákvæði II. kafla, sbr. einkum 7. tölul. 2. mgr. 4. gr. eða 3. mgr. sömu greinar, enda sé einnig fullnægt þeim meginreglum og sjónarmiðum sem leiða af 2. gr.

IV. Ákvæði um málsmeðferð.

Í ákvæðum IV. og V. kafla reglnanna er að finna ítarlegur reglur um málsmeðferð við afgreiðslu beiðna um launalaust leyfi. Eru þær sérstaklega sniðnar að meðferð mála eftir því á hvaða grundvelli beiðni er sett fram.

Í öllum tilvikum skal starfsmaður leitast við að setja fram beiðni um launalaust leyfi eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 30 dögum áður en óskað er eftir því að leyfi hefjist ef beiðni er reist á ákvæðum II. kafla eða 6. gr. reglnanna. Samkvæmt þessu er gengið út frá því að starfsmanni beri að jafnaði að sækja um launalaust leyfi um leið og fyrir liggur áhugi hans og möguleiki á því að hefja störf tímabundið á nýjum vettvangi. Þó er gert ráð fyrir að rektor geti stýtt þennan frest ef sérstaklega stendur á t.d. ef starfsmaður getur ekki óskað leyfis með 30 daga fyrirvara af ástæðum sem honum verður ekki kennt um.

Málsmeðferðarreglur IV. og V. kafla reglnanna eru að öðru leyti mótaðar með það sjónarmið í huga að fylgja beri reglum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 við töku ákvarðana um hvort starfsmanni verði veitt launalaust leyfi. Þannig skal í samræmi við meginreglu 13. gr. stjórnarsýslulaga jafnan veita starfsmanni kost á að tjá sig um umsagnir, þar sem lagst er gegn því að fallist verði á beiðni, ef þeirra er á annað borð aflað í samræmi við reglurnar. Þá skal í samræmi við meginreglu stjórnarsýslulaga um eftirfarandi rökstuðning stjórnvaldsákvörðunar á fyrsta stjórnarsýslustigi ávallt veita starfsmanni leiðbeiningar um heimild hans til að fá synjun rökstudda, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 20. gr. stjórnarsýslulaga. Þó er mælt fyrir um þá undantekningu að synji rektor beiðni starfsmanns, sem reist er á ákvæðum 5. gr., skuli rektor þá þegar rökstyðja ákvörðun sína.

Að öðru leyti er lagt til grundvallar í IV. og V. kafla reglnanna að við meðferð þessara mála verði gætt ákvæða stjórnarsýslulaga. Á það meðal annars við um heimildir starfsmanns til að óska eftir endurskoðun innan háskólans á ákvörðun sem tekin er á grundvelli reglnanna.

V. Lagastoð, gildistaka og ákvæði til bráðabirgða.

Í 1. mgr. 11. gr. er tekið fram að reglur þessar séu settar á grundvelli 5. mgr. 15. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Þótt þarna sé vísað til þeirrar megin lagaheimildar sem reglurnar eru studdar við er rétt að hafa í huga að sú útfærsla á reglum um valdbærni við töku ákvarðana um launalaust leyfi, um efnisreglur þær sem eiga að gilda í þessum tilvikum og um málsmeðferð, er að öðru leyti stuðst við þær almennu reglur um uppbyggingu stjórnarsýslukerfis Háskóla Íslands sem fram koma í lögum nr. 85/2008 og þeirra ákvarðana sem háskólaráð hefur tekið um uppbyggingu stjórnarsýslukerfis skólans skv. lögnum. Er til þeirra vísað á viðeigandi stöðum í greinargerðinni.

Reglurnar öðlast gildi 15. mars 2009. Vegna fyrri framkvæmdar í Háskóla Íslands við afgreiðslu beiðna um launalaust leyfi er í samræmi við meginreglur stjórnsluréttar nauðsynlegt að tiltaka ákveðið tímamark gildistöku enda fari fram fullnægjandi kynning á reglunum innan háskólans áður en þær taka gildi. Þá er í ákvæði til bráðabirgða nánar lýst að efnisreglur þær sem fram koma í reglunum skuli gilda frá og með 15. mars 2009. Hafi beiðni verið sett fram fyrir gildistöku þessara reglna skal, eins og mælt er fyrir um í ákvæðinu til bráðabirgða, afgreiða hana í samræmi við þær reglur sem mótast hafa í framkvæmd að því undanskildu að leitast skal við eins og kostur er að fara eftir þeim málsmeðferðarreglum sem kveðið er á um í V. kafla reglnanna.